

19 — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um yfir-*
 29. jan. *setunám hjá hjeraðslæknum.* — Jafnframt því að senda umkvörtun hrepps-
 nefndaroddivitans í Lýtingsstaðahreppi um, að hjeraðslæknirinn á Akureyri hafi neitað að
 kenna stúlku úr nefndum hreppi yfirsetukvennafræði, hafið þjer, herra amtmaður í þóknanlegu
 brjefi frá 11. þ. m. lagt það til, að hjeraðslækninum verði gjört að skyldu að kenna nefnda
 fræði kauplaust stúlkum þeim, er þess æskja, og sem hlutaðeigandi yfirvöld álíti hæfar til
 að gegna yfirsetustörfum samkvæmt lögum 17. desbr. 1875.

Fyrir því vil jeg hjer með þjónustusamlega skora á yður herra amtmaður, að tjá
 hjeraðslækninum á Akureyri, að hann samkvæmt 5. gr. laga 17. desbr. 1875 er skyldur
 til ókeypis að láta í tje kennslu og halda próf í yfirsetukvennafræði yfir Sveini þeim,
 er ætla sjer að takast á hendur yfirsetustörf í einhverju af yfirsetukvennahjeruðum þeim,
 er stofnuð eru með nefndum lögum, og sem amtmaður samkvæmt tillögum hlutaðeigandi
 sýslunefndar eða sveitarstjórnar hefir skipað til að afstöðnu prófi að gegna slíkum störfum.

Þjer eruð beðnir að tilkynna hreppsnefndinni í Lýtingsstaðahreppi þenna úr-
 skurð minn.

20 — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austur-umdæminu um*
 3. febr. *fyrirhuguð störf Sveins búfræðings 1879.* — Í þóknanlegu brjefi frá
 7. nóvbr. f. á. hafið þjer herra amtmaður farið fram á, að jeg vildi samþykkja, að Sveinn
 búfræðingur Sveinsson mætti einnig á yfirstandandi ári vera í þjónustu norður- og
 austuramtsins. Fyrir því vil jeg hjer með veita nefnt samþykki þannig að Sveini verði
 af upphæð þeirri, er norður- og austurumdæminu ber á yfirstandandi ári af tje því, er
 veitt er með 10. gr. C. 5. fjárlaganna, eða þá af jafnaðarsjóði norður- og austurumdæmis-
 ins, greidd laun þau m. m., er honum hafa heitin verið, og vísa jeg með tilliti hjer til í
 brjef mitt frá 20. marz. f. á. (stjórnartíð. B. 45).

21 — *Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Suðurmúlasýslu um húsaskatt.* —
 3. febr. Í þóknanlegu brjefi frá 23. nóvbr. f. á. hafið þjer, herra sýslumaður með tilliti til fram-
 kvæmdar á lögum um húsaskatt 14. desbr. 1877 spurt:

1, Hvort þjer sjeuð skyldir að borga húsaskatt af húsi yðar; standi svo á, að
 hús þetta sje nokkra faðma fyrir utan lóð Eskifjarðarkaupstaðar á svo kölluðu Lamb-
 eyrartúni, er þjer keyptuð í vor, sje Lambeyrartún þetta partur, þó ekki enn
 metinn til dýrleika, úr jörðinni Lambeyri, sem í jarðabókinni er metin til dýr-
 leika, og borgið þjer og eigandi hins hluta jarðarinnar Lambeyrar eptir samkomulagi
 í sameiningu jarðarskatt af nefndri jörð, eins og þjer borgið lausafjárskatt af þeim
 gripum, sem framflytjast á þessu túni yðar.

2, Hvort leggja skuli saman, þá er reikna skal út húsaskatt eins manns öll hús

Uppgjafaprestar töldust 18, en af þeim höfðu 2 ekki fengið eptirlaun sín ákveðin, og verða þau að lík-
 indum um 1000 kr., er bætast við fyrnefndar 6114 kr. 27 a. Mestan styrk 696 kr. hafði síra Magnús á
 Grenjadarstað haft, minnstan 50 kr., síra Hjalti frá Stað á Snæfjallaströnd. Prestaekkjur voru alls 73, af
 þeim höfðu 15 alls engan styrk, 1 hefir ekki fengið eptirlaun sín ákveðin enn, minnst hafði Sigríður
 Guðmundsdóttir frá Kálfholti, 20 kr., mest Margrjet Sigurðardóttir frá Hitardal, 266 kr.

hans, þó sum þeirra út af fyrir sig sjeu ekki 500 kr. virði, eða hvort sleppa eigi öllum húsum, sem ekki ná 500 kr. virðingu, þó þau sjeu eign eins manns.

21
3. febr.

3, Nú sje öll húseign kaupmanns bundin þinglýstu veði, en veðbrjefið tilgreini ekki neina vissa upphæð, sem veð sje fyrir, heldur tiltaki með almennum orðum, að allt sem lántakandi á og eignast kann skuli vera í veði fyrir því, sem veðsetjandi á hverjum tíma, er lánardrottni skuldugur, og hvort þá megi heimta, að sá hinn sami kaupmaður skýri frá, hvað hann t. a. m. um árslok hvers árs var þessum lánardrottni skuldugur, og hvernig skuli að fara, ef kaupmaður neiti að skýra frá þessu.

Til þess að svara spurningum þessum, vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar það, er nú segir:

1. Það virðist að vera ljóst af orðunum í 1. gr. laganna: «ef þau eru eigi notuð við ábúð á jörð þeirri, er metin sje til dýrleika», að umrædd hús verði að eins undanþegin húsaskatti, ef þau heyra til einhverrar jarðar, er metin sje til dýrleika sjer, eða að minnsta kosti til parts úr slíkri jörð, er tiltekinn er fyrir í viðkomandi afsalsbrjefi fastákveðinn hluti af dýrleika þeim, er jörðin er metin til.
2. Þar eð skatturinn samkvæmt 1. gr. laganna hvílir á «öllum húseignum», virðist andvirði allra þeirra húsa, er notuð eru í sameiningu sem ein húseign, eiga að teljast saman, þegar ákveða skal skattskyldu eignarinnar.
3. Þegar veðbrjef inniheldur ekki skýrslu um upphæð fjár þess, er eitthvert hús er veðsett fyrir, getur veðupphæðin ekki dregizt frá virðingarverðinu, nema því að eins, að hlutaðeigandi leiði gild rök að því, hve stór upphæð sú sje, er hann ávaxtar, og því samkvæmt 1. gr. laganna ber að draga frá virðingarverðinu.

— *Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Dalasýslu um tekjuskatt.* — Til þess að svara fyrirspurn yðar herra sýslumaður í þóknanlegu brjefi 15. f. m. um, hvernig eigi að beita lögum 14. desbr. 1877 um tekjuskatt, vil jeg þjónustusamlega tjá yður það, er nú segir.

22
3. febr.

Með því að yfirskattanefndin samkvæmt 20. gr. nefndra laga á að semja skrá yfir tekjuskatt þann, er á að heimta saman á manntalsþingum í viðkomandi sýslu, verður hún eða formaður hennar, þegar eitthvað virðist rangt í skrá undirskattaneftdarinnar, eða þegar eitthvað þykir óljóst, eða ekki nægilega sannað í slíkri skrá t. a. m., þegar vantar vottorð um veðskuld þá, er hvílir á fasteign einhverri sbr. 1. gr. laganna, að krefjast nákvæmari skýringa skattaneftdarinnar um það, og eptir ástæðum lagfæra það, sem vantalið er eða oftalið. Skrá yfirskattaneftdarinnar á að fylgja ársreikningnum fyrir tekjum landssjóðsins af reikningsumdöminu, sbr. stjórnart. B. 6—1879.

Samkvæmt 1. grein laganna á skattaneftndin að virða til eptirgjalds jarðir þær, er eigandi sjálfur býr á, og ber yfirskattaneftndinni eða formanni hennar að hafa hið sama eptirlit með þessari virðingu og jeg að ofan hefi tekið fram, að hann eigi að hafa með skattskránni í heild sinni.

— *Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um styrk til þess að láta prenta 2 náttúrufræðisrit.* — Eptir að jeg hefi meðtekið ummæli stiptsyfirvaldanna, í þóknanlegu brjefi frá 8. þ. m. um bónarbrjef, er hingað hafði borizt frá deild hins íslenzka bókmenntafjelags í Reykjavík, um 600 kr. styrk til að gefa út íslenzkar

23
12. febr.